

1867.

3. júlí.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lestagjald og aðkaupsgjald af hvalaveiðaskipum, er aflinn er fluttur á þeim til útlanda.

Með bréfi 20. febrúarmán. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, þar sem hann biður amtið að leita úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að kaupa leiðarbréf handa skipum þeim, sem hvalaveiðafélagið Roys og Lilliendal hafa, þegar aflinn er fluttur á þeim til útlanda, eptir að búið er að verka hann í landi, en hvort sem hann annars er fenginn á því skipi eða einhverju öðru af skipum félagsins, og hvort ekki eigi, þegar eins sé ástætt, að greiða aðkaupsgjald af skipum þeim, sem höfð eru til að flytja aflann til útlanda. Hafð þér látið í ljósi það álit

Þessi skoðun sýslumannsins er að amtsins áliti alveg röng; því eins og amtið í bréfi til sama embættismanns 11. maímán. 1862 hefir látið í ljósi, fylgir kona framfærsluátthögum mannsins, unz hún, eptir dauða mannsins, á lögskipaðan hátt hefir áunnið sér rétt til sveitarframfærslu (sjá reglugjörð 8. janúarmán. 1834 6. grein og tilskipun fyrir Danmörku 24. janúarmán. 1844 9. grein) og er fráfali mannsins að setja samhliða hverri annari breytingu á samastað, er skerðir rétt til að ávinna sér sveit fyrir konuna; því dvalarár hennar í hjónabandi mega augljóslega ekki leggjast saman við dvalarár hennar í ekkjustandi, þar sem maðurinn á að sjá konuina fyrir framfærslu og hún sem ómyndug hýrist í hans skjóli. Þetta verður allt ljósara með einu dæmi. Hefði ekkjan Ingibjörg dvalið t. a. m. í Glæsibæjar hrepp, meðan maður hennar lifði, en flutt sig til Hrafnagils hrepps, þegar hann andaðist, og hýrzt þar síðan, eða haldið áfram dvöl sinni í Glæsibæjar hrepp til þessa tíma, þá gæti engum heilvita manni dottið í hug, að hún hefði áunnið sér framfærslurétt, hvorki í Glæsibæjar eða Hrafnagils hrepp.

Þess vegna úrskurðast, að ekkjan Ingibjörg Gottskálksdóttir á Klúkum skuli með hyski sínu vera sveitlög á Saurbæjar hrepp, og hefi eg í dag tilkynnt sýslumanninum í Eyjafjardarsýslu þenna úrskurð til aðgæzlu og eptirbreytni.

yðar, að eins og það að yðar hyggju sé vafalaust, að með því að bæði hvalaveiðarnar hafa aðsetur sitt á Seyðisfirði og skipin og útgjörðarmennirnir eiga þar heima, að því leyti sem útgjörðarmennirnir hafa öðlzt borgararétt þar, þá megi til að kaupa leiðarbréf handa skipunum, þegar þau eru höfð til að flytja nokkuð af aflanum til útlanda, eins virðist það auðsætt, að af sömu ástæðum eigi að borga aðkaupsgjald af þessum skipum samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. smbr. 48. gr. og bréf dómsmálastjórnarinnar 22. febrúarmán. 1855.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að eins og það leiðir beinlínis af lögunum 15. aprílmán. 1854, að það á að borga hið lögboðna skipagjald af skipum hvalaveiðamannanna Roys og Lilliendahl, þegar þau eru fermd með einhverju af aflanum úr landi, til þess að það síðan verði flutt til útlanda sem kaupvarningur, eins á samkvæmt áður greindum ákvörðunum að heimta aðkaupsgjald af skipunum, ef að þau fyrir fullt og allt eru orðin „dönsk eign“, undir eins og þau eru höfð til nokkurs annars en tiltekið er í tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. staflíð c og d.

1867.

3. júlí.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun kostnaðarins til fjárvarðarins á Mosfellsheiði sumarið 1865.

6. júlí.

Útaf því, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir skorast undan að taka, samkvæmt áskorun yðar, herra stiptamtmaður, fyrir hönd tæðs umdæmis þátt í kostnaðinum til fjárvarðarins, sem settur var árið 1865 frá Leiruvogum yfir Mosfellsheiði til Þingvallavatns, til þess að stemma stigu fyrir að fjárkláðinn breiddist meir út, hafið þér lagt fyrir stjórnarráðið bréf þau, er farið hafa milli suðurumdæmisins og norður- og austurumdæmisins um málefni þetta, en það eru bréf norður- og austurumdæmisins 21. febrúarmán. og 13. júnímán. 1865 og